

Sérfræðilæknar svara: – Hvernig varð sérgrein þeirra fyrir valinu? Hvar lærðu þeir? Hvaða ráð gefa þeir ungum læknum?

Smitsjúkdómalækningar

Það var fyrir 49 árum. Ég var að ljúka héraðsskyldu minni í Vestmannaeyjum. Tími var kominn til að ákveða hvaða sérnám skyldi velja. Valið stóð á milli meinafnafræði og lyflækninga. Hafði starfað eitt eftirminnilegt ár á meinafræðideild Landspítala. Ég leitaði til Ólafs Ólafssonar landlæknis um ábendingar um framhaldsnám í lyflækningum í Svíþjóð. Hann tvínónaði ekkert, tók upp símann og hringdi í yfirlækni smitsjúkdómadeildar sjúkrahúsins í Eskilstuna. Þar höfðu nokkrir íslenskir læknar auk Ólafs gert garðinn frægan, án þess þó að leggja smitsjúkdómalækningar fyrir sig sem sérgrein. Yfirlæknirinn vildi fá mig þegar í stað.

Það kom flatt upp á mig að smitsjúkdómalækningar skyldu nefndar til sögunnar. Þær höfðu ekki verið í sviðsljósinu í læknadeild enda litu margir svo á að smitsjúkdómar væru ekki vandamál lengur og tímabært að snúa sér að öðru. Sýklalyf og bólusetningar hefðu leyst málið. Enginn starfandi sérfræðingur í smitsjúkdómalækningum var hér á landi og fyrirmyndir því engar. Ég tók þegar í stað þá ákvörðun að leggja þessa sérgrein fyrir mig, kannski vegna þess að ég taldi að enginn annar væri að gera það eða kannski vegna þess að ekki væri allt sem sýndist. Eftir að ég hélt til framhaldsnáms í Svíþjóð frétti ég af öðrum lækni, Sigurði B. Þorsteinssyni, sem var í sérnámi í smitsjúkdómalækningum í Texas. Sigurður varð brautryðjandi í smitsjúkdómalækningum hér á landi og kom fræðigreininni á kortið. Hann stuðlaði að því að ég gat snúið heim að loknu sérnámi og var samvinna okkar nán í áratugi.

Eftir að ég kom til Eskilstuna lá leið mín til Stokkhóms á smitsjúkdómaspítala borgarinnar, mekku fræðigreinarinn-

ar þar í landi. Mér er það minnisstætt þegar prófessorinn í faginu kallaði mig nýkominn á fund sinn og gerði mér það ljóst að ef til þess kæmi að hagsmunir klínískrar vinnu og rannsókna rækjust á, skyldi klíníska vinnan víkja fyrir rannsóknum! Mér brá nokkuð en skildi hann sem svo að ekki mætti slá slöku við vísindin. Ég held að mér hafi tekist að gæta nokkurs jafnvægis milli þessara sjónarmiða í starfinu. Smitsjúkdómar eru þess eðlis að þeir geta lagst á öll líffæri. Í doktorsnáminu kom sér reynslan frá meinafnafræðideild Landspítala vel þegar ég rannsakaði áhrif sýkinga á miðtaugakerfið. Þessu lauk svo með doktorsprófi frá Karolinska Institutet 1982.

Eftir heimkomuna til Íslands í ársbyrjun 1983 eftir 8 ára dvöl í Svíþjóð gerðust veður öll válynd. Alnæmisfaraldurinn var í aðsigi og óvissan mikil. Mikil búbot var þegar eldhuginn Sigurður Guðmundsson bættist í hóp smitsjúkdómalækna og síðar fylgdu fleiri í kjölfarið sem efldu stéttina. Við HÍ kenndi ég faraldsfræði smitsjúkdóma sem ég vil nefna farsóttafraeði. Þessa fræðigreinin þarf að stórefla enda mikilvæg til að skilja útbreiðslu farsóttu og þróa viðbrögð við þeim.

Stjórnvöldum varð ljóst að bæta þyrfti löggjöf og stjórnsýslu sóttvarna og 1986 hófst vinna við það. Tók ég þátt í henni sem leiddi til nýrra sóttvarnalaga 1997. Eftir aldamótin 2000 og tilkomu fugla-inflúensunnar og annarra ógna vegna sýkla og eiturefna beindust sjónir manna mjög að heilbrigðisöryggi á alþjóðavísu. Á þessum tíma var Davíð Á. Gunnarsson ráðuneytisstjóri áhrifamaður innan WHO. Ný alþjóðaheilbrigðisreglugerð WHO var samþykkt árið 2005 eftir talsverð átök. Ég var þá sóttvarnalæknir og kom að þeirri vinnu að hans tilhlutan.



Haraldur Briem

fyrirverandi sóttvarnalæknir